

- 176 Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

32. gr.

Endurskoðendum er skylt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrir- mæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóð- inn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitt- hvað er athugasemdvært, svo að úr verði tafarlaust bætt.

33. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marzmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

34. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um spari- sjóði, svo og reglugerð 27. júní 1941, og önnur gildandi fyrirmæli, og stjórn sjóðsins hætir eigi tafarlaust úr því sem ábótavant er.

35. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

Samþykkt þessi staðfestist hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 2. september 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

SAMÞYKKTIR

fyrir Sparisjóð Stykkishólms.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Stykkishólms og skal heimili hans og varnarþing vera Stykkishólmur.

2. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins skulu ekki vera færri en 12. Skal stjórninni skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur til að sjá um, að ábyrgðarmenn verði aldrei færri. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr lögsagnar- umdæminu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga, eða ef maður verður öreigi á annan hátt.

3. gr.

177

2. sept.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn. Skulu tveir þeirra kjörnir á aðalfundi, úr flokki ábyrgðarmanna, en einn af sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu á sama tíma, og gildir kosning þeirra allra til fjögurra ára. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni fjögur ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrir en að fjórum árum liðnum. Stjórnin kýs formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr héraðinu eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmætan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af sýslunefnd, eða verði á lögmætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess að sýslunefnd kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparissjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparissjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna sjóðsins, endurskoðunarmanna eða annarra, sem við hann eru riðnir, skal hlutaðeigendum skylt að bæta skaðann, ef krafizt er, og sæti þeir auk þess hegningu, eins og lög standa til um sýslunarmenn hins opinbera.

4. gr.

Stjórnendur sjóðsins og starfsmenn mega ekki sjálfir taka lán úr sjóðnum. Eigi mega þeir heldur ábyrgjast lán úr honum fyrir aðra.

5. gr.

Tilkynna skal stjórnarráðinu tafarlaust, hverjir kosnir eru í stjórn sjóðsins.

6. gr.

Við sparissjóðinn skulu vera að minnsta kosti tveir starfsmenn, féhirðir og bókarari.

Það skal jafnan vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparissjóðnum né í hann, nema tveir af starfsmönnum hans eða stjórnendum séu viðstaddir, og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparissjóðsins, hvor um sig. Þó má féhirðir veita móttöku greiðslum í sjóðinn, án þess að annar starfsmaður sé viðstaddur, en þá skal hann tafarlaust rita greiðsluna inn í bækur sparissjóðsins. Sömmuleiðis getur féhirðir greitt fé úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó að aðrir starfsmenn séu eigi viðstaddir. Heimilt er að stjórnin hafi þessi störf með höndum.

Aðalfundur ákveður þóknun starfsmanna fyrir eitt ár í senn, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Starfsmenn sparissjóðsins skulu ráðnir til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, og er stjórninni heimilt að segja þeim upp starfinu eða vikja þeim frá fyrirvaralaust, ef henni virðast nægar sakir til. Skal formaður þá kalla saman fund ábyrgðarmanna þegar í stað, og leggur sá fundur fullnaðarúrskurð á málið.

177

2. sept.

7. gr.

Féhirðir skal setja tryggingu fyrir fé því, sem honum er trúað fyrir. Stjórnarráðið ákveður fjárhæð tryggingar, að fengnum tillögum sparisjóðs-stjórnar.

8. gr.

Sérhverja greiðslu í sjóðinn og úr honum skal tafarlaust skrá í dagsjóðbókina og aðrar þær bækur, sem greiðslan á heima í. Greiðslu afborgana og vaxta af lánnum skal jafnframt rita á hlutaðeigandi skuldabréf. Afborgun af vixli skal einnig tafarlaust skráð á víxilinn.

9. gr.

Allar bækur sjóðsins skulu skýrt og greinilega færðar og allar fjárhæðir þannig ritaðar, að enginn vafi geti á því leikið, hver upphæðin er. Sé einhverri tölu breytt, sakir skakkrar innfærslu, skal breytingin þannig gerð, að sjá megi hverju breytt hefur verið. Dagsetningar sé greinilega getið við hverja einstaka greiðslu.

10. gr.

Stjórnarfundir skulu haldnir þegar þörf krefur og ákveður stjórnin hvornig skuli haga daglegri starfrækslu sjóðsins.

11. gr.

Eigi síðar en í aprilmánuði ár hvert, skal aðalfundur haldinn, og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum tveimur dögum fyrir fundinn. Skulu þar lagðir fram reikningar sjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasendum endurskoðenda og svörum stjórnar og leggur fundurinn úrskurð á þá. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 5 ábyrgðarmenn æskja þess. Fundur er lögmaður þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Mæti eigi helmingur ábyrgðarmanna, skal boða fund að nýju á sama hátt, og er hann þá lögmaður hversu fáir sem mæta. Á fundinum ræður afl atkvæði. Þó má eigi gera breytingar á samþykktum sparisjóðsins, nema $\frac{2}{3}$ hlutar fundarmanna á lögmautum fundi samþykki.

II. Um innlög í sjóðinn, inn- og útborgun, vexti og vaxtagreiðslur o. fl.

12. gr.

- a. Innlög eru tekin í gjaldgengum peningar og eigi minni en 1 kr. í senn.
- b. Það, sem lagt er inn í sjóðinn, færist inn í innstæðubók og fær hver innlagsmaður reikning.
- c. Sem skirteini fyrir innstæðu fær hver innlagsmaður viðskiptabók með sömu yfirskrift og einkennistölu og í innstæðubók stendur. Á bókina skal letrað, að samþykktir sjóðsins, gildandi lög og reglugerðir sparisjóðsins, séu til athugunar á skrifstofu sparisjóðsins og geti innstæðueigendur fengið þær þar, ef þeir óska. Eigandi greiðir andvirði bókarinnar til sparisjóðsins, þegar bókin er eyðilögð.
- d. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má neita viðtöku á fé í sparisjóðinn, eða gera að skilyrði, að féð skuli standa óhreyft að minnsta kosti í eitt ár, en þá skal meiri hluti stjórnarinnar vera á því máli.
- e. Sparisjóðurinn getur neitað einstökum viðskiptamönnum að hafa hærri innstæðu en 10000 kr.
- f. Um eigur manna í sparisjóðnum verður eigi sagt öðrum en þeim, sem lögum samkvæmt geta krafizt þess.

13. gr.

Upphæð innlánsvaxta ákveður sparisjóðsstjórnin á hverjum tíma í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Vextir af innstæðu skulu reiknaðir út að fullu og færðir í bækur sjóðsins við lok hvers árs. Í innstæðubókinni skulu vextir hvers innstæðueiganda þá lagðir við höfuðstól á reikning hans. Vextir reiknast eftir mánuðum þritugnættum, og gjaldast vextir í eigi minni pörtum en heilum eyri. 177
2. sept.

Í fyrsta sinni, sem viðskiptabók er sýnd eftir hver áramót, skulu vextirnir færðir í hana, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að upphæð innstæðufjár, að meðtöldum vöxtum í viðskiptabókinni, beri saman við það, sem innstæðubókin telur.

Finnist skekkja í vaxtareikningi, eftir að vextirnir hafa verið skráðir í innstæðubók, má eigi breyta hinni skráðu vaxtaupphæð, en leiðréttá skal skekkjuna þá er hún finnst.

14. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar með sparisjóðskjörum, verður greitt það, sem menn óska, án uppsagnarfrests, þegar stjórn sjóðsins sér það fært, en heimta má að upphæðum frá kr. 300.00 til kr. 500.00 sé með viku fyrirvara sagt upp og upphæðum þar yfir með tveggja mánaða fresti. Án tveggja mánaða frests er eigi skylt að borga meira en 1000 kr. á mánuði hverjum úr sömu viðskiptabók.

15. gr.

Aldrei má greiða neina upphæð af sparisjóðsinnstæðufé nema því aðeins að viðskiptabókin sé sýnd og skal þá upphæðin jafnframt skráð í hana. Skulu starfsmenn sjóðsins gæta þess nákvæmlega, að þetta sé gert, og skulu í því skyni í hvert sinn bera greiðslu þá, sem skráð er í viðskiptabókina, saman við fjárhæð þá, sem skráð er í bækur sjóðsins.

Ef sparisjóður tekur við innlögum með þeim kjörum, að hægt sé að hefja innstæðuna með tékka, án þess að viðskiptabókin sé sýnd, skal greinilega letrað á bókina að hún sýni eigi ávallt rétta innstæðu og sé því ekki veðhæf.

Það er eigi á ábyrgð sparisjóðsins, þótt handhafi viðskiptabókar hafi eigi haft löglega heimild frá eiganda hennar til að fá útborgað fé það, er viðskiptabókin hljóðar um, eða eitthvað af því.

Þegar innlögum er veitt móttaka, án þess að viðskiptabók sé sýnd, skal gefa sérstaka kvittun fyrir innlögum, og skal þess getið í kvittuninni, að hún gildi aðeins þangað til upphæðin verður rituð í viðskiptabók innstæðueiganda, en það skal gert næst, þegar viðskiptabókin er sýnd í sparisjóðnum. Þess skal enn fremur getið á hlutaðeigandi reikningi í innstæðubók, um leið og greiðslan er skráð þar, að viðskiptabókin hafi eigi verið sýnd, en aðeins sérstök kvittun verið gefin. Við samanhurð innstæðubókar og viðskiptabókar, þegar hún er sýnd næst á eftir, skal það svo athugað, að innlögin séu skráð í viðskiptabókina, en kvittun sé ógild orðin.

16. gr.

Innstæðufé og vextir greiðast út úr sjóðnum í gjaldgengri mynt eða seðlum og hlífærist útborgunin í reikning eiganda í innstæðubókinni. Greiðist innstæða að fullu, skal skila viðskiptabókinni aftur án endurgjalds og glatist viðskiptabók, verður farið með hana eftir þar um gildandi lögum.

17. gr.

Ef eigandi að innstæðufé eða erfingjar hans vitja eigi sjóðsins í 15 ár, til að taka við vöxtum eða segja upp höfuðstól, og eigi heldur innan 5 mánaða eftir áskorun í blaði því, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, er öll innstæðan ásamt vöxtum orðin eign sparisjóðsins.

177

2. sept.

18. gr.
Innstæðufé getur sparisjóðurinn sagt lausu með þriggja mánaða fresti. Skal annaðhvort rita uppsögnina í sparisjóðsbókina, eða gefa út auglýsingu um hana, er sé birt í blaði því í Reykjavík, sem stjórnarvaldaauglýsingar skulu birtar í.

Eftir gjalddaga eru engir vextir greiddir af því, sem uppsagt er.

19. gr.

Ársarð allan af rekstri sparisjóðsins, að kostnaði og vöxtum frádregnum, skal leggja í varasjóð. Tjón, er sparisjóðurinn kann að verða fyrir og ársarður eigi hrekkur til að greiða, skal greiða úr varasjóði, en eigi má greiða þaðan annað, nema því aðeins að varasjóður nemi að minnsta kosti 10% af sparisjóðsinnstæðufénu samanlögðu. — Þegar svo er komið hag varasjóðs, getur stjórnarráðið samþykkt, eftir tillögum sparisjóðsstjórnarinnar, að verja megi fé úr sjóðnum til nytsamlegra fyrirtækja í almenningsparfir í Stykkishólmshreppi.

20. gr.

Varasjóður sparisjóðsins skal vera í tryggum og auðseldum verðbréfum, eða inneign hjá Landsbankanum. Þó er eigi skylt, að koma meira af varasjóði svo fyrir, en að nemi 5% af samanlögðu innstæðufé sjóðsins eins og það var í árslok næst á undan. Nú ber svo við, að stjórn sparisjóðsins neyðist til að gripa til fjár þessa, vegna ofyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur.

III. Um útlán.

21. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta:

- með því að kaupa ríkisskuldabréf eða önnur skuldabréf, sem álita má jafngöð;
- með því að lána fé til einstakra manna gegn áreiðanlegu fasteignaveði, í hæsta lagi 60% af virðingarverði því, er lögskipaðir virðingarmenn meta, eða gegn sjálfskuldarábyrgð einstakra manna eða félaga. Sjálfskuldarábyrgðarlán úr sjóðnum til einstakra manna, má þó því aðeins veita til lengri tíma en eins árs, að þau séu afborgunarlán með árlegri afborgun, og sé láninu fullkomlega lokið innan 10 ára frá lánveitingunni;
- með því að kaupa víxla, sem sparisjóðsstjórn álitur trygga;
- á hvern annan hátt, er stjórn sjóðsins telur heppilegan.

22. gr.

Sparisjóðurinn áskilur sér forvexti af útlánnum. Vextir skulu ávallt greiddir eigi síðar en á gjalddaga, en bregðist það, greiði skuldunautur 1% árlega dráttarvexti um þann tíma, sem dregist hefur að borga fram yfir gjalddaga.

23. gr.

Aldrei má veita lán úr sjóðnum, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar sé því samþykktur og hafi ákveðið hámark lánsupphæðar.

Sparisjóðir skulu, til þess að það sé tryggt, að þeir geti hvenær sem er fullnægt skyldum sínum um greiðslu á innlánsfé, eiga í sjóði, innstæðu í banka, sem ríkið ábyrgist, og í tryggum auðseljanlegum verðbréfum minnst $\frac{1}{10}$ af innlánsfénu. Sjóður og bankainnstæða mega þó aldrei vera minna en 7% af innlánsfénu.

Komi það fyrir, að stjórn sparisjóðsins neyðist til þess að gripa til þessa fjár vegna fyrirsjáanlegra útborgana, er henni skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lag aftur. Sé það ekki gert innan tveggja mánaða, skal sparisjóðsstjórn tilkynna

sparisjóðseftirlitinu það, sem í samráði við stjórnina ákveður, hvenær skuli í síð- 177
asta lagi búið að leiðrétta það. 2. sept.

Þegar verðbréf, er sparisjóðurinn kaupir, hljóða á handhafa, skal tafarlaust láta nafnskrá bréfin sem eign sparisjóðsins. Verðbréfaforða sjóðsins má því aðeins skerða, að meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar samþykki.

24. gr.

Án samþykkis allrar sparisjóðsstjórnar má sparisjóðurinn ekki taka lán til annars en þess, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart innstæðueigendum. Aldrei má sparisjóðurinn taka lán, nema meiri hluti sparisjóðsstjórnar hafi ákveðið það.

Nú veðsetur sparisjóðurinn skuldabréf sín eða verðbréf sem handveð til tryggingar slíkum lánnum, og skal þess þá nákvæmlega gætt, að jafnan séu í vörzlum sparisjóðsins fullgild skirteini frá lánveitanda fyrir geymslu veðsins. Skulu bækur sjóðsins einnig ljóslega bera með sér, hvar bréfin séu geymd og hver þau séu.

25. gr.

Eigi má sparisjóðurinn gefa út handhafaávisun á sjálfan sig.

IV. Um reikninga sparisjóðsins.

26. gr.

Reikningsár sparisjóðsins skal vera almanaksárið og skal ársreikningur hans ávallt vera saminn og lagður fram á skrifstofu sjóðsins fyrir lok marzmánaðar ár hvert.

27. gr.

Ársreikningur skal þannig gerður, að af honum sjáist glöggst:

1. hversu mikið alls hefur verið greitt í sjóðinn og úr honum á árinu. Skal í því efni saminn reikningur yfir allar innborganir í sjóðinn og útborganir úr honum og sé þar í greint hver sjóðforðinn hafi verið í ársbyrjun og hver í árslok;
2. hverjar tekjur hann hafi haft af starfi sínu á árinu og hver útgjöld hans hafi verið, einnig skal tilgreina tap það, er hann kann að hafa beðið á árinu. Skal í þessu skyni semja reikning yfir rekstur sjóðsins;
3. hverjar séu eignir sjóðsins í árslok og hverjar skuldir eða skuldbindingar hvíli á honum. Til þess að þetta sjáist sem gleggst, skal semja nákvæman efnahagsreikning fyrir sjóðinn eins og hagur hans stóð í árslok.

28. gr.

Semja skal við hver árslok sundurliðaða skrá yfir inneign allra innstæðueigenda að meðtöldum vöxtum. Skal tala innstæðueigenda (viðskiptabóka) nákvæmlega sjást af skrá þessari. Einnig skal semja sundurliðaða skrá yfir öll þau lán, er sjóðurinn á útistandandi, bæði fasteignarveðslán, sjálfskuldarábyrgðarlán og handveðslán. Skal semja sérstaka skrá yfir hvern flokk lánanna.

Skrár þessar skulu bera með sér, fyrir hvaða tímabil vextir eru greiddir af hverju einstöku láni, svo að glöggst sjáist, hversu mikið er greitt fyrir fram af vöxtum, og eins af hverjum lánnum vextir eru vangoldnir.

Enn fremur skal semja sundurliðaða skrá yfir víxla þá, er sparisjóðurinn kann að eiga í árslok og eigi eru innleystir.

Gjalddagi víxlanna sé tilgreindur á skránni. Skal sjást á skránni, hvernig víxilréttar hefur verið gætt.

Á öllum þessum skráum skal geta nafns hvers innstæðueiganda eða lántakanda, svo og einkennistölu.

Loks skal semja sundurliðaða skrá yfir allar aðrar eignir sjóðsins, svo og yfir skuldir þær, sem hann er í við aðra.

Skytt er sparisjóðnum að hafa reikninga sína jafnan í því formi, er fyrirmyndir stjórnnarráðsins sýna.

V. Um endurskoðun.

30. gr.

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, skal velja tvo endurskoðunarmenn, skulu þeir kosnir af sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, með hlutfallskosningu til eins árs í senn. Endurkjósa má endurskoðunarmenn. Kjósa skal tvo menn til vara og ganga þeir í stað aðalmanna í forföllum þeirra.

31. gr.

Tilkynna skal sparisjóðaeftirlitinu hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

32. gr.

Skytt er endurskoðendum að rannsaka sjóðforða sparisjóðsins og verðbréfaeign hans að minnsta kosti missirislega.

Endurskoðendur eiga frjálsan aðgang að öllum bókum, verðbréfum og öðrum skjölum og verðmætum sjóðsins, hvenær sem þeim þykir henta, til eftirlits, hvort heldur eru báðir í einu eða hvor um sig.

33. gr.

Endurskoðendum er skytt að hafa nákvæmt eftirlit með allri bókfærslu sparisjóðsins og gefa gætur að því að þar sé allt í reglu og að gætt sé allra þeirra fyrir- mæla, er þar um gilda. Ber þeim gaumgæfilega að rannsaka, að allar greiðslur í sjóðinn og úr honum séu rétt færðar í bókum sparisjóðsins. Skulu þeir benda á, ef eitthvað er athugasemdi, svo að úr verði tafarlaust bætt.

34. gr.

Ársreikning sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka, þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið starfi sínu fyrir marzmánaðarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reikningsins sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

35. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver þau atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrskurðar.

Eins skal farið að ef endurskoðendur komast að raun um, að rekstur sjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði, svo og reglugerð nr. 36 frá 15. febrúar 1942 og önnur gildandi fyrir- mæli, og stjórn sjóðsins bætir eigi tafarlaust úr því sem ábótavant er.

36. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

Samþykktir þessar staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 2. september 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.